

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 128/83
komudagur 18.11.2002

Samtökum gegn fátækt hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skattfrelsi lágtekjufólks.

Þökkum við traustið og fögnum því að þetta sjálfsagaða réttindamál sé loks á dagskrá Alþingis.

Styðjum við tillögu þessa heilshugar, enda þótt orðalag hennar sé ekki jafn afdráttarlaust og við hefðum viljað, þar eð við viljum að afnuminn verði með öllu tekjuskattur lágtekjufólks og lífeyrisþega sem hafa tekjur undir lágmarkslaunum, og þykir fásinna að 'lækka hann verulega' eins og orðalag tillögunnar gefur kost á.

Teljum við mikinn feng að greinargerðinni sem þingsályktunartillögunni fylgir og fögnum þeim skilningi og innsæi í aðstæður fátækra á Íslandi sem þar kemur fram.

Tökum við undir það sem þar er sagt um fáránleika þess að skattleggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga við fólk í nauð.

Sömuleiðis viljum við áréttta þann sannleika sem fram kemur um óhagstæðan samanburð á kaupmætti samanlagðs grunnlífeyris og tekjutryggingar annars vegar og kaupmætti lágmarkslauna hins vegar. Sú þróun er bæði ósanngjörn og óþörf.

Öllum er ljóst það, sem minnt er á í niðurlagi greinargerðarinnar, að furðu stór hópur Íslendinga býr við ósæmandi kjör sem ekki samræmast þeim hugmyndum um mannúð og réttindi sem stjórnarskrá lýðveldisins er grundvölluð á.

Sú tillaga til þingsályktunar sem hér er á ferðinni yrði skref í rétta átt út úr þeirri öfugþróun sem orðið hefur umliðin ár í þessum efnun.

Virðingarfyllt
Fyrir hönd samtaka gegn fátækt

13.11.2002

Sigrún Ármanns Reynisdóttir

